

1128. stjórnarfundur VR

Haldinn laugardaginn 2. maí, kl. 10:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal (í fjarfundi), Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1127. fundar lögð fram til samþykktar

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1127. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Boðun atkvæðagreiðslu um verkfall og vinnudeilur

Ólafía Björk sagði að von væri á því að ríkissáttasemjari myndi boða til fundar fljótlega jafnvel þótt búið væri að lýsa yfir árangurslausum sátttaumleitunum. Á mánudag verður fundur með FA hjá ríkissáttasemjara og verður þar einnig lýst yfir árangurslausum viðræðum þannig að allar kjaraviðræður séu í sama farvegi.

Dagurinn í gær, 1. maí, var frábær og vel heppnaður. Hún og Elías G. Magnússon fóru í tvær göngur fyrir vestan þar sem hún hélt einnig hátíðarræðuna á Ísafirði og var mikill hugur í fólki þar eins og hér í höfuðborginni. VR hlaupið sem við vorum nú með í fyrsta sinn á undan kröfugöngunni var mjög vel heppnað og er komið til að vera. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í göngunni hjá okkur og einnig komu fleiri í verkalýðskaffið í Laugardalshöll eftir kröfufundinn nú heldur en síðast.

Ólafía Björk sagði að hún hefði rætt við forystu Flóabandalagsins um að við tækjum höndum saman um verkfallsaðgerðir og er búið að stilla upp aðgerðaáætlun sem hún fór yfir á skjá. Að því tilskyldu að aðgerðir verði samþykktar í atkvæðagreiðslu þá hefjum við aðgerðir hjá hópbílafyrirtækjum dagana 28. – 29. maí, svo 30. – 31. maí hjá hótélum og baðstöðum, síðan 31. maí – 1. júní meðal starfsmanna flugvalla, þá 2. – 3. júní hjá skipafélögum og á sama tíma hjá matvöruverslunum og loks 4. – 5. júní hjá olíufélögum. Að þessum foraðgerðum loknum tæki svo við ótímabundið allsherjarverkfall laugardaginn 6. júní. Við myndum svo senda þetta sameiginlega út sem fréttatilkynningu á þriðjudag.

Umræður.

Ólafía Björk sagði frá því að samkvæmt Gallupkönnun væri mikill fjöldi VR félaga hlynntur aðgerðum. Fór hún þá yfir tímalínu aðgerða á skjá. Næsta verkefni er svo fundur með trúnaðarráði hér kl. 11 að loknum þessum fundi þar sem við reiknum með að verði samþykkt að auglýsa atkvæðagreiðslu um verkfall þann 5. maí og gæti atkvæðagreiðslan þá hafist 12. maí og verið lokið þann 19. maí.

Þá fór hún næst yfir áætlaðan kostnað verkfallsaðgerða á skjá. Sú leið sem Efling hefur valið varðandi foraðgerðirnar er að greiða 80% launa með 350. þús. kr. þaki og væri gott ef við værum þeim samstíga í þessum efnum. Ef til allsherjarverkfalls kemur þá dugar sjóður okkar í 20 daga ef greiddar væru kr. 8.306 á dag m.v. starfshlutfall hvers sem samtals væri kr. 180. þús. á mánuði.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ólafía Björk upp til atkvæða þá leið verkfallsaðgerða sem hún hafði kynnt og að ofan greinir.

Samþ. samhljóða.

Þá bar hún upp þá tillögu að greitt væri 80% launa með 350. þús. kr. þaki í sértækum verkfallsaðgerðum frá 28. maí – 5. júní og síðan kr. 8.306 á dag m.v. starfshlutfall í allsherjarverkfalli VR frá 6. júní.

Samþ. samhljóða.

Fundi var slitið kl. 10:55
Árni Leósson, fundarritari